

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t. Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 4. maí 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (696. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í breytingar á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki vegna innleiðingar tilskipunar nr. 2009/111/EB ásamt öðrum breytingum.

Viðskiptaráð Íslands fagnar að megninu til þeim breytingum sem ofangreint frumvarp felur í sér og þá sérstaklega þeim er snúa að innleiðingu tilskipunar nr. 2009/111/EB. Ráðið fagnar einnig því breiða samstarfi sem var haft við hagsmunaaðila vegna undirbúnings frumvarpsins. Er þetta gott dæmi um góð vinnubrögð og hvernig rétt er unnið eftir handbók forsætisráðuneytisins um undirbúning og frágang lagafrumvarpa.

Þó frumvarpinu beri að fagna í megindráttum þá verður að gera athugasemdir við nokkur atriði, og lúta þau flest að atriðum sem eru ekki hluti af innleiðingu tilskipunarinnar. Vegna ítarlegri athugasemda og umfjöllunar vísast til umsagnar Samtaka fjármálafyrirtækja.

5. gr.

Með 5. gr. frumvarpsins eru gerðar breytingar á ákvæði 4. mgr. 52. gr. laganna og er ákvæðið útvíkkað með þeim hætti að stjórnarmönnum fjármálafyrirtækja verður ekki heimilt að sinna lögmannsstörfum fyrir annað fjármálafyrirtæki. Í núgildandi ákvæði er stjórnarmönnum ekki heimilt að vera lögmennt annarra eftirlitsskyldra aðila eða félaga í nánnum tengslum. Eins og ákvæðið er í núgildandi lögum er það mjög stíft og óþarflega takmarkandi.

Þrátt fyrir að breytingin á ákvæðinu sé í rétta átt er það enn of stíft og takmarkandi fyrir starfsemi lögmannna. Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra en því miður gengur það lengra en þörf er til að tryggja það. Hér er auðvelt að finna dæmi þar sem ekki eru líkleg hagsmunatengsl, t.d. í þeim tilfellum þar sem viðkomandi fyrirtæki starfa ekki á sama markaði. Það mat sem hér á að ráða um hvort aðili eigi í hættu á hagsmunaárekstri er hvort viðkomandi fyrirtæki séu yfir höfuð starfandi á sama markaði eða sinni samskonar þjónustu, ef svo er ekki er tæplega hættu á hagsmunaárekstrum þó stjórnarmaður sinni einhvers lags lögmannsstörfum fyrir annað fjármálafyrirtæki á öðru sviði.

Raunveruleg ástæða er til að skoða takmörkun eins og sú sem ákvæði þetta getur valdið á möguleikum á hæfum stjórnarmönnum. Ekki er hér um auðugan garð að grisja þegar kemur að hæfum stjórnarmönnum og er því mikilvægt fyrir viðreisn hagkerfisins að ekki séu óþarfa takmarkanir í lögum sem hafa í raun engan tilgang. Mikilvægt er þó að takmarka hagsmunaárekstur þar sem hann gæti komið upp.

Viðskiptaráð leggur til að ákvæðinu verði breytt á þann hátt að raunveruleg hættu á hagsmunaárekstrum verði látin ráða hvort aðili geti setið í stjórn eins fjármálafyrirtækis þrátt fyrir störf sín hjá öðru fjármálafyrirtæki.

7. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins er gerð tillaga að viðbót við upplýsingar um launagreiðslur og hlunnindi í ársreikningi fjármálafyrirtækja þar sem þeim er gert að birta einnig upplýsingar vegna lykilstarfsmanna. Í 8. tl. 2. gr. laganna er skilgreint hvað felst í lykilstarfsmönnum en fyrir var skylda til að birta samtölu vegna þessara starfsmanna.

Ákveðin hættu er fólgin í ákvæði sem þessu sem verður að taka til skoðunar áður en sett er í lög. Í reglum kauphallarinnar um upplýsingaskyldu í tengslum við launakjör stjórnenda og stjórnarhætti félagsins vegna útgefenda fjármálagerninga eru reglur sem taka á greiðslum til stjórnenda. Þessar reglur eru mjög skýrar og taka til allra óvenjulegra greiðslna sem lögin ná ekki til, bæði vegna stjórnarmanna, æðstu stjórnenda og stjórnenda einstakra sviða. Reglur þessar ættu að teljast fullnægjandi til að ná því markmiði sem í greinargerð er fjallað.

Ákvæði líkt og hér er lagt til verður að skoða út frá mögulegri samkeppni um starfsmenn og mögulegum áhrifum á skilgreiningu lykilstarfsmanna. Hætta er á að breytingar verði á því hvernig lykilstarfsmenn eru skilgreindir innan fyrirtækja og þá starfslýsing þeirra sem myndi leiða til þess að færri ættu undir ákvæðið formlega séð en raunverulega ættu undir það. Einnig verður ekki litið framhjá þeim áhrifum sem ákvæðið gæti haft á samkeppni um starfsmenn. Auðvelt er að yfirbjóða í góðan starfsmenn ef aðgangur er opin að launagreiðslum. Í þessu samhengi verður að minnast á rök Fjármálaeftirlitsins vegna launaleyndar, þar sem þeir töldu upplýsingar um launakjör myndu auðvelda yfirboð á markaði.

8. gr.

Með 8. gr. er heimild 110. gr. laganna til að leggja á stjórnvaldssektir útvíkkað þannig að það nái bæði til upptalinnna ákvæða laganna og eftir atvikum reglum settum á grundvelli þeirra. Það er síðari hluti þessarar breytingar sem athugasemd verður að gera við enda hér um mjög opna og óskýra refsheimild að ræða. Það verður að gera þá kröfu til refsheimildar að hún sé skýr og ekki leiki vafi á um hvað undir hana falli. Með ákvæðinu er gefin opin heimild til að kveða á um refsiverða háttsemi og stenst það ekki kröfu um skýrleika refsheimilda lögmætisreglu 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Viðskiptaráð leggur til að „eftir atvikum“ verði felld úr ákvæðinu.

9. gr.

Í 9. gr. eru gerðar nokkrar breytingar á 112. gr. laganna sem kveður á um refsingar í formi sekta og fangelsis. Í b. lið ákvæðisins er brot gegn 19. gr. laganna, *góðir viðskiptahættir og venjur*, felld undir ákvæðið og varðar því fangelsi allt að tveimur árum. Góðir viðskiptahættir og venjur eru mjög matskennd og opin atriði sem erfitt getur verið að henda reiður á með eins skýrum hætti að refsheimild á borð við þessi krefst. Þessi refsheimild getur varla staðist kröfur um skýrleika refsheimilda.

Viðskiptaráð leggur til að b. liður 9. gr. verði felld úr frumvarpinu.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands